

Tónmenntaskóli Reykjavíkur

2017-2018

Liður 1:

Kennslumagnið var fullnýtt árið 2017-2018 -, en 142 nemendur voru í skólanum. Hef því miður ekki upplýsingar um biðlista þess árs en veit að þó nokkuð margir sóttu um sem við gátum ekki sinnt.

Tónleikar: Alls voru haldnir 17 tónleikar yfir árið, þar af einir í Bústaðarkirkju. Masterclass var haldinn fyrir gítarnemendur hjá Arnaldi Arnarsyni gítarkennara.

Samfélagsþjónusta: Fiðluhópar heimsóttu eftirfarandi elliheimili: Grund, Dagvistun á Landakoti, dagvistun á Vesturgötu.

Samstarf við aðra skóla: Samstarf við strengjasveitir Tónskóla Sigursveins og Skólahljómsveit Austurbæjar. Samstarf við Tónlistarskólann í Reykjavík/MÍT.

Önnur verkefni: Tónmenntaskólinn tók þátt í Nótunni.

Nýjung: Vorum með stutt námskeið í raftónlist og upptökum fyrir elstu nemendur skólans.

Liður 2:

Starfsáætlun skólans 2018-2019 (skóladagatal) fylgir hér með.

Liður 3:

Ég hef ekki tölur um nákvæman fjölda stöðugilda árið 2008 – en áætlað út frá nemendatölu hefur hún verið 8.

Fjöldi stöðugilda í dag eru 9.